

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Ágæta bæjarstjórn.

Undirritaður vill vinsamlegast fara þess á leit að Ísafjarðarbær kaupi húsið Strandgötu 3 í Hnífsdal fyrir sögusafn staðarins. Hluti af þeirri sögu er þetta hús sem er elsta húsið í Hnífsdal byggt árið 1882 og stendur enn lítið breytt. Þarna var fyrsti barnaskólinn í Eyrarhreppi þar sem flestir Hnífsdælingar og reyndar fleiri Eyrhreppingar fengu sína fyrstu skólagöngu og fullorðnir sína fyrstu kennslu. Þar var einnig lestrarfélag, bókasafn og stúka um tíma. Líklega er þetta elsta uppistandandi barnaskólahúsið á Vestfjörðum þar sem lögbundin kennsla fór fram.

Undirritaður ritaði Sögu Hnífsdals og gaf út árið 2023 en þar er fjallað um atvinnulífið, menninguna og fólkið sem þar bjó. Þar kemur m.a. fram að húsið við Strandgötu 3 var byggt sem barnaskóli af Eyrarhreppi og fólkinu í Hnífsdal. Auk kennslu í húsinu var þarna íverustaður kennarans við skólann.

Margir merkilegir kennarar voru við skólann og má þar nefna Karl Olgeirsson sem kenndi í Hnífsdal í 8 ár til 1901. Hann varð einn eigenda Edinborgarverslunar á Ísafirði sem reisti núverandi Edinborgarhús og sat í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar um árabil.

Undirritaður er þess fullviss að mikill fjöldi Hnífsdælinga mun gefa muni og minningar til safns sem væri hýst í gamla Barnaskólanum í Hnífsdal. Er undirritaður tilbúinn til að standa fyrir söfnun meðal velunnara fyrir hluta af kaupverði hússins og kostnaði við breytingar. Með von um góðar undirtektir.

Kristján Pálsson kt. 011244-4759. Sími 8597899.

Lundi 86, 200 Kópavogi

